

2020

BORGARSTJÓRNARFLOKKUR PÍRATA



ÁFANGASKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2020

Borgarstjórnarflokkur Pírata

Dóra Björt Guðjónsdóttir, Sigurborg Ósk
Haraldsdóttir, Alexandra Briem,
Rannveig Ernudóttir.

01

UMHVERFIS-, SKIPULAG OG SAMGÖNGUMÁL





MÁLEFNI

Við ætlum að gera Laugavegin að göngugötu allt árið

STAÐA

Tillaga um að gera Laugaveg að göngugötu var samþykkt í borgarstjórn 4.sept. Laugavegur er orðin að göngugötu frá Lækjargötu að Frakkastíg. Deiliskipulag fyrir bíllausan Hlemm hefur einnig verið samþykkt.

MÁLEFNI

Við ætlum að fjölga göngusvæðum í Kvosinni

STAÐA

Tillaga um að gera Kvosina að göngu- og vistgötusvæði samþykkt í borgarstjórn 4.sept. Unnið er að endanlegu umferðarskipulagi fyrir Kvosina sem er í samráðsferli með lögreglu.

MÁLEFNI

Við endurhönnun gatna og annars borgarrýmis verða gangandi og hjólandi vegfarendur settir í forgang

STAÐA

Verklýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu með samgöngupýramídanum þar sem gangandi og hjólandi eru í forgangi hefur verið samþykkt. Aðalskipulagsbreyting sama efnis er langt komin og verður kynnt haustið 2020. Ný hjólreiðaáætlun er í vinnslu þar sem þetta verður einnig tekið inn. Einnig er verið að endurskoða ferla og innra skipulag á umhverfis- og skipulagssviði til að koma þessu í skýran farveg framkvæmda innan Reykjavíkur.



MÁLEFNI

Við ætlum að hlúa að grænum svæðum, fjölga matjurtagörðum og vernda líffræðilegan fjölbreytileika í borgarlandinu

MÁLEFNI

Áfram verður unnið að Borgarlínu, skipulagsvinnu vegna fyrsta áfanga hennar lokið og framkvæmdir hafnar.

MÁLEFNI

Samningum verði náð við ríkið um Borgarlínu og aðrar nauðsynlegar fjárfestingar til að létta á umferðinni og breyta ferðavenjum

STAÐA

Unnið er að því að fjölga matjurtagörðum í HverfisSKIPULAGI. Undirbúningur er hafin á sérstakri tillögu þess efnis að skoða staðsetningu fyrir fleiri matjurtagarða innan Reykjavíkur. Unnið er eftir stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilegan fjölbreytileika og viðfangsefnið hefur fengið fastan lið á fjárhagsáætlun. Akurey hefur verið friðlýst og fleiri svæði eru í undirbúningi. Unnið er að endurheimt votlendis og líffræðilegs fjölbreytileiki í Úlfarsárdal ásamt fjölmörgum fleiri verkefnum.

STAÐA

Breyting á Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins fyrir Borgarlínu hefur verið samþykkt. Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir Borgarlínu er í vinnslu. Margar deiliskipulagsbreytingar hafa verið samþykktar og aðrar eru í vinnslu. Þróunaráætlun Borgarlínu eru áætlað að klára haustið 2020. Áætlað er að framkvæmdir hefjist 2021 verði af mestum þunga 2022. Gert er rými fyrir Borgarlínu í núverandi framkvæmdum við nýjan meðferðarkjarna Landspítala.

STAÐA

Samgöngusáttmálinn hefur verið samþykktur af ríki og borg og stofnað hefur verið opinbert félag um framkvæmdirnar.



MÁLEFNI

Tíðni á helstu stofnleiðum Strætó verður aukin í 7,5 mín á háannatímum í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu

MÁLEFNI

Uppbyggingu hjólastíga verður hraðað

MÁLEFNI

Við munum leggja sérstakar hjólahraðbrautir og liðkað verði fyrir notkun rafmagnsreiðhjóla, m.a. með hleðslustöðvum

MÁLEFNI

Við viljum að Reykjavík verði leiðandi í loftslagsmálum

STAÐA

Leið 1 og 6 aka á 10 mín fresti. Nýtt Leiðakerfi Strætó hefur verið kynnt. Þar er áætlað að almennar leiðir aki á a.m.k.15 mínútna tíðni á annatíma og á 20-30 mínútna tíðni utan annatíma. Ekki er búið að innleiða nýja leiðarkerfið.

STAÐA

Upphæð fyrir hjólaframkvæmdir hefur verið hækkuð úr 450 m. í 550 m. Einnig hefur ríkið samþykkt í samgöngusáttmálanum að koma með 650 m. í hjólastíga fyrir höfuðborgarsvæðið. Í hjólreiðaáætlun er einnig verið að vinna að því að hraða uppbyggingu hjólastíga.

STAÐA

Hvort tveggja er í rýni hjá stýrihóp um nýja hjólreiðaáætlun fyrir Reykjavíkurborg.

STAÐA

Vinna stýrihóps um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er langt komin. Þar er verið að vinna með róttækar aðgerðir frá íbúum og félagasamtökum í öllum málaflokkum. Áratugur aðgerða er framundan. Gert er ráð fyrir að ný aðgerðaráætlun verði samþykkt í lok árs 2020.



MÁLEFNI

Unnið verði gegn svifryki/leiðandi í loftgæðum

MÁLEFNI

Við viljum setja metnaðarfullri markmið um hlutdeild vistvænna ferðamáta

MÁLEFNI

Við munum styðja við orkuskipti í samgöngum

MÁLEFNI

Innkaup Reykjavíkur skulu vera vistvæn og árangurinn af þeim sýnilegur og taki mið af loftslagsmarkmiðum borgarinnar.

STAÐA

Viðbragðsáætlun HER hefur verið endurskoðuð og verið að þróa úrræði fyrir Reykjavíkurborg til að vinna með til að takmarka umferð þegar mengun fer yfir viðmiðunarmörk.

STAÐA

Vinnan er langt komin í aðalskipulagsbreytingu fyrir Reykjavík til 2040 þar sem hlutdeild bílaumferðar er undir 50% og miðast við að uppfylla Parísarsamkomulagið.

STAÐA

Erum að setja upp hleðslustöðvar í borgarlandi. Í apríl 2019 var samþykkt að koma upp 30 hleðslur við starfsstöðvar Reykjavíkurborgar. 60 hleðslur á landi borgarinnar víðsvegar um borgina. 120 milljóna króna sjóður til að styrkja húsfélög fjölbýlishúsa til að koma upp hleðslubúnaði.

STAÐA

Búið að taka fljótlega yfirferð til að ná uppfærðum lögum um innkaup 2019. Nú er búið að búa til Framkvæmda- og Innkauparáð, og það er tækifæri til að taka annan snúning.



MÁLEFNI

Við viljum efla grenndarstöðvar til að gera fólki kleift að flokka sorp án þess að þurfa að eiga bíl.

MÁLEFNI

Rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar verður tryggt meðan unnið er að undirbúningi nýs flugvallar í nágrenni borgarinnar.

MÁLEFNI

Við ætlum að einfalda og uppfæra þjónustu við dýraeigendur með því að sameina dýraþjónustu Reykjavíkur.

STAÐA

Verkefni er í vinnslu. Búið að vinna úrbætur á fjölda grenndarstöðva. Einnig er verið að koma fyrir djúpgámum í þéttustu hverfum borgarinnar.

STAÐA

Rekstraröryggi flugvallarins er tryggt af hálfu Reykjavíkurborgar. 2019 var undirritaður samningur við ríkið um að fullkanna kosti Hvassahrauns fyrir nýjan flugvöll á sama tíma og Reykjavík tryggir veru flugvallarins í aðalskipulagi á meðan sú vinna er í gangi.

STAÐA

Stýrihópur er að störfum og reiknar með að skila af sér tillögum um Dýraþjónustu Reykjavíkur haust 2020.

02

HÚSNÆÐISMÁL





MÁLEFNI

Markvissar aðgerðir í húsnæðismálum og hraðari uppbygging íbúðahúsnæðis

STAÐA

Unnið er markvisst að því að styrkja húsnæðismarkaðinn með skipulagsbreytingum og framkvæmdum. 2018 og 2019 hófst bygging á 2.263 íbúðum í Reykjavík. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2020 hefur bygging hafist á 646 nýjum íbúðum. Mjög margir uppbyggingar- og þéttingarreitir eru á mismunandi stigum undirbúnings víðs vegar um borgina.

MÁLEFNI

Halda áfram samvinnu við húsnæðissamvinnufélög sem ekki eru rekin í hagnaðarskygni

STAÐA

Áætlað er að gera 2.500 – 3.000 nýjar leigu- og búseturéttaríbúðir á næstu 3 – 5 árum. Virk samvinna við verkalýðsfélög og lóðarúthlutanar hafa verið á helstu þéttingarreitum s.s. Spönginni, Úlfarsárdal, Gufunesi, Árbæ, Skerjafirði og fleiri stöðum.

MÁLEFNI

Við ætlum að fjölga stúdentaíbúðum

STAÐA

Búið að skipuleggja og byggja mikið af nýjum stúdentaíbúðum, er í blússandi gangi. Félagsstofnun stúdenta hefur einnig fengið vilyrði fyrir 350 – 400 stúdentaíbúðum á svæði Háskóla Íslands. Við Gamla Garð og Vísindagarða. Þá hefur FS verið gefið vilyrði fyrir 100 íbúðum í Skerjafirði. Samþykkt hefur verið samstarf við Háskólann í Reykjavík um 300 nýjar stúdentaíbúðir á svæði skólans í Vatnsmýri.



MÁLEFNI

Leggja sérstaka áherslu á hagkvæmar og nútímalegar lausnir í húsnæðisuppbyggingu

MÁLEFNI

Lausnir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur, meðal annars í tengslum við Borgarlínu

MÁLEFNI

Lykilsvæði fyrir húsnæðisuppbyggingu verði fjölbreyttir þéttingarreitir, meðal annars meðfram þróumarásum aðalskipulags

STAÐA

Er ávarpað í aðalskipulagsbreyting um vistvænt húsnæði og skoðað sérstaklega í deiliskipulagsvinnu á þéttingarreitum. Einnig er verið að skoða slíkar lausnir í viðbyggingum í hverfisskipulagi borgarinnar.

STAÐA

Unnið er að sérstöku uppbyggingarverkefni fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur, allt að 700 íbúðir. Búið er að úthluta langflestum lóðum í því verkefni. Í aðalskipulagsbreytingu fyrir Borgarlínu er húsnæðisuppbygging meðfram henni sérstaklega tengd við ungt fólk og fyrstu kaupendur.

STAÐA

Þetta er leiðarstef í allri skipulagsvinnu þetta kjörtímabíl og er langt komið. Með nýju hverfi á Ártúnshöfða, uppbyggingu í Vogabyggð, meðfram Suðurlandsbraut, í miðbænum, við HÍ, BSÍ, Landspítala, Nauthólsveg og HR. Einnig eru verið að þetta byggð í Árbæ og Breiðholti með Hverfisskipulagi. Gufunes og Úlfarsárdalur ásamt Skerjafirði eru stór svæði með mikla fjölbreytni í húsnæðisuppbyggingu.



MÁLEFNI

Við ætlum að einfalda skipulags- og byggingarferla hjá borginni og þrýsta á ríkið að einfalda laga- og regluumhverfi þess.

MÁLEFNI

Við ætlum að halda áfram að fjölga félagslegum íbúðum í eigu borgarinnar og fjölga þeim um 500 á kjörtímabilinu

MÁLEFNI

Halda áfram uppbyggingu sértækra búsetuúrræða

STAÐA

Þegar Hlaðan skjalastjórnunarkerfi verður komin í gagnið mun hún tengjast Mannvirkjagáttinni þar sem öllum uppdráttum og teikningum til byggingarfulltrúa verður skilað rafrænt. Í hverfisskipulagi hafa skipulagsferlar verið einfaldaðir gríðarlega og allar umsóknir hafa verið þróaðar fyrir notandann. Einnig er í gangi vinna við að auka samstarf bæði milli sveitarfélaga og einkaaðila.

STAÐA

Í fyrsta skipti um árabíl hefur biðlisti Félagsbústaða hefur minnkað. Umsækjendum á biðlista hefur fækkað um 200 milli ára. Áætlað er að fjölga um 500 íbúðir á tímabilinu. Sérstaklega hefur verið gætt að því að leiga hækki ekki umfram vísitölu

STAÐA

Það er í gangi öflug uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir notendur með sérþarfir, þar er lögð áhersla bæði á fjölgun húsnæðis og á að færa okkur úr herbergjasambýlum og byggja upp íbúðir með þjónustu í staðinn, en það er í samræmi við áherslu á réttinn til sjálfstæðs lífs. Árið 2020 er gert ráð fyrir að fjölga sértækum húsnæðisúrræðum um 43, en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi í heild um 94 frá 2019 til 2024

03

VELFERÐ OG LÝÐHEILSA





MÁLEFNI

Við ætlum að fara í heildarendurskoðun á þjónustu velferðarsviðs og á þjónustumiðstöðvum með þarfir notenda að leiðarljósi.

MÁLEFNI

Við viljum rafvæða og einfalda umsóknarferla og endurskoða þjónustusvæði svo að þjónusta borgarinnar taki mið af þörfum notandans og sé valdeflandi.

MÁLEFNI

Eitt meginverkefnið á kjörtímabilinu verður að gera Reykjavík að aldursvænni borg í fremstu röð.

STAÐA

Nýtt svið þjónustu og nýsköpunar, sem starfar þvert á önnur svið borgarinnar, hefur tekið til starfa. Stafræn umbreyting og einföldun á þjónustu er í vinnslu og fyrsta dæmið um það er rafrænt umsóknarferli um fjárhagsaðstoð til framfærslu. Það hefur gefist einstaklega vel, leitt til valdeflingar notenda og aukinnar skilvirkni. Þeir geta fengið snögga afgreiðslu á tíma sem hentar þeim. Í stað þess að ferlið taki daga eða vikur og viðkomu á hinum ýmsu stofnunum geta notendur fengið úrlausn sinna mála á 1-2 dögum með einni viðkomu á vefnum.

STAÐA

Full innleiðing á þjónustustefnu er í gangi í stýrihópi þar sem Dóra situr með Lóu. Búið að tryggja markvisst fjármagn í þessa vinnu og mikinn meðbyr er að finna innan stjórnsýslunnar. Ýmislsegt er í gangi á velferðarsviði, verið er að vinna í ferlum skipulags- og byggingarfulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði og undirbúa endurgerð innritunarferla á skóla- og frístundasviði.

STAÐA

Stýrihópur um félagsstarf eldri borgara er að störfum. Þar er mikilvægt að valdefla notendur, lengja opnunartíma og tryggja að fjölbreytt starf sé í boði.



MÁLEFNI

Unnið verði markvisst gegn öllu ofbeldi og margþættri mismunun og einelti í borginni.

MÁLEFNI

Við ætlum að vinna gegn sárri fátækt með markvissum og valdeflandi hætti. Ný aðgerðaáætlun verður unnin og sett í forgang

MÁLEFNI

Við ætlum að móta heildstæða stefnu um félagsstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs

STAÐA

Stýrihópur um einelti hefur skilað af sér. Búið er að gera verkferil varðandi einelti, áreitni og ofbeldi milli kjörinna fulltrúa og starfsfólks. Vantar fyrir kjörna fulltrúa að klára, býðum eftir umgjörð frá Sambandinu. Ofbeldisvarnarnefnd er virk og að störfum og verkefnið Saman gegn ofbeldi í fullum gangi

STAÐA

Málefni fátækra hafa verið í miklum brennidepli á kjörtímabilinu. Stýrihópur um sárafátækt er búinn að skila niðurstöðum, þar á meðal margar góðar tillögur. Uppfærðar reglur um fjárhagsaðstoð eru í vinnslu og stýrihópur um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir skilaði mjög ítarlegri niðurstöðu 2019, sem er í innleiðingu. Aukið hefur verið á samráð við aðila sem starfa að málefnum heimilislausra. Nýtt neyðarskýli hefur verið opnað úti á Granda, húsnæði með viðeigandi þjónustu fyrir konur með geð- og fíknivanda hefur opnað og verið er að semja við ríkið um opnun neyslurýmis.

STAÐA

Stýrihópur um félagsstarf eldri borgara er að störfum. Þar er mikilvægt að valdefla notendur, lengja opnunartíma og tryggja að fjölbreytt starf sé í boði.



MÁLEFNI

Við ætlum að innleiða matarstefnu Reykjavíkurborgar

STAÐA

Ný matarstefna er í innleiðingu, mörg af markmiðum hennar hafa nú þegar skilað sér í næringarríkari mat og bættum verkferlum í framleiðslueldhúsi borgarinnar við Vitatorg. Nú er búið að opna Facebook-síðu til að kynna mat dagsins og sýna myndir af honum. Í útboðsferli fyrir mötuneyti stjórnsýsluhúsnæðis er lögð áhersla á yfirlit yfir kolefnisspor matvæla.

MÁLEFNI

Við ætlum að innleiða endurhæfingu í heimahúsi

STAÐA

Endurhæfing í heimahúsi er komin til framkvæmdar og veita þrjú endurhæfingarteymi nú þjónustu til íbúa.

MÁLEFNI

Við ætlum að setja NPA í forgang, semja um fullfjármögnun við ríkið

STAÐA

Píratar í borgarstjórn lögðu á það mikla áherslu, og fengu í gegn, að borgin mun fyrir sitt leyti fullgilda alla samninga um NPA, sem taka gildi þegar ríkið samþykkir að taka þátt í sínum hlut, sem er 25% af kostnaði. Því miður setti löggjafinn stífa kvóta á fjölda samninga sem fjármagnaðir yrði. Lögð var áhersla á að samþykkja af hálfu borgarinnar og safna á biðlista, frekar en að segja fólki að ekki væri hægt að sækja um, til að auka þrýsting á ríkið og auka sýnileika vandans. Ofan á þetta er ljóst að hlutur ríkisins af þessum kostnaði er lítill miðað við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum.



MÁLEFNI

Við ætlum að innleiða Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og uppfæra þjónustuna í takti við hann. m ráð skal haft við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess við stefnumótun og eftirfylgni stefnunnar á öllum stigum þeirrar vinnu.

MÁLEFNI

Aðgengi fyrir alla á að vera aðalsmerki borgarinnar. Við ætlum að fara í samstarf við fyrirtæki og stofnanir til að tryggja aðgengi fatlaðs fólks

MÁLEFNI

Við ætlum að endurskoða og bæta ferðaþjónustu fatlaðs fólks og bæta aðgengi að almenningssamgöngum

STAÐA

Tekið er mið af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks við útfærslu þjónustu við fatlað fólk. Hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf er gert hátt undir höfði í þeirri vinnu. Ný aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks hefur tekið til starfa þar sem borgin gengur lengra en lög krefja í að tryggja aðkomu hagsmunaaðila með 6 hagsmunaaðilum innaborðs. Verið er að þróa virka aðkomu nefndarinnar og hagsmunaaðila að öllu er varðar fatlað fólk. SP-glæraugun eru alltaf sett á þegar gera á breytingar og meðvitund er mikil.

STAÐA

Það eru komin drög að sérstökum sjóði fyrir þetta verkefni byggt á tónlistarhúsnæðisprógramminu. Tímalína og umfang eru í vinnslu

STAÐA

Búið er að semja að nýju um akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þar var stuðst að miklu leiti við athugasemdir frá notendum og skýrslu sem unnin var með aðkomu þeirra, og miklar breytingar og bætingar á þjónustu skilgreindar. Þar er aðkoma notendaráðs tryggð, Enn.vantar úttekt á aðgengi að strætóskýlum þar sem Borgarlína mun ekki keyra en það eru kröfur um aðgengi í nýju útboði um strætóskýli.



MÁLEFNI

Rýmka þarf reglur varðandi námsstyrki og endurskoða aldurshámarkið

MÁLEFNI

Aðstoð við viðkvæma og jaðarsetta einstaklinga skal ávallt ganga út frá valdeflingu og skaðaminnkun.

MÁLEFNI

Styðja skal við og styrkja verkefni á borð við „Húsnæði fyrst“

STAÐA

Í drögum að nýjum reglum um fjárhagsaðstoð er aldursviðmið tekið út og reglur rýmkaðar töluvert, þessar breytingar eru á lokastigum vinnslu, og við einbeitum okkur að því að það verði klárað

STAÐA

Í aðgerðaáætlun um heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir er mikil áhersla lögð á virðingu og mannhelgi, þar er áréttað að notendur eigi rétt á aðkomu að ákvörðunum em varða þá, og lögð áhersla á að nálgast fólk þar sem það er og vinna með því að úrlausn. VOR-teymið vinnur út frá þessari hugmyndafræði sem er nánasti stuðningsaðili heimilislausra með flóknar stuðningsþarfir og úrræði sem hafa verið að þróast byggja einnig á henni eins og heimili fyrir konur með geð- og fíknivanda m.fl.

STAÐA

Verkefnið er í fullri innleiðingu. Búið er að fjármagna, bjóða út og smíða smáhýsi fyrir heimilislaust fólk. Lengri tíma hefur tekið að finna þeim stað í borginni þar sem verkefnið virðist mæta mikilli andstöðu íbúa, fyrirtækja og íþróttafélaga. Engu að síður er búið að finna staðsetningu fyrir 20 smáhýsi en þau eru mislangt komin í skipulagsferli. Við þurftum að gera breytingu á aðalskipulagi til að liðka fyrir verkefninu. Ráðinn hefur verið starfsmaður sem sér um húsnæðismál heimilislausra með miklar þarfir.



MÁLEFNI

Styðja skal við og styrkja verkefni á borð við Frú Ragnheiði

STAÐA

Aðferðafræði skaðaminnkunar er nú orðin viðtekin staðreynd í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, og mikið kapp hefur verið lagt á að ná saman við aðila sem starfa í þeim geira. Samstarf við Frú Ragnheiði hefur verið og mun vera gott áfram.

MÁLEFNI

Sett verði á fót búsetuúrræði fyrir konur með geð- og fíknivanda

STAÐA

Húsnæði fyrir konur með geð- og fíknivanda hefur verið tekið í notkun, það er bæði mikilvæg þjónusta við þann hóp og auðveldar þjónustu í Konukoti og öðrum stöðum sem annars þjónustar hópinn án þess að vera búin réttari aðstöðu og sérfræðipokkingu.

MÁLEFNI

Skoðað verði að koma upp neyslurýmum í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld

STAÐA

Viðræður standa yfir við ríkið um opnun neyslurýmis, en nauðsynlegt er að ríkið komi að þeim hluta sem telst til heilbrigðisþjónustu og dekki nauðsynlegan kostnað. Jafnframt að tryggt sé að lögregla hafi skilning á starfseminni. Höfum boðið fram aðstoð.



MÁLEFNI

Efla þarf þjónustu við nemendur með fjölbættar þarfir og fjölskyldur þeirra og tryggja forvarnarstarf og snemmtæka íhlutun óháð greiningum.

STAÐA

Snemmtæk íhlutun er orðin að viðteknu gildi bæði á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Það er þó ljóst að til þess að ná fram raunverulegri breytingu er þörf á breytingum á úthlutun fjármagns. Nýtt úthlutunarlíkan grunnskóla er í vinnslu, en verkefnið er mjög flókið, vandi uppsafnaður og gamlir ávanar fastir í sessi. Tilraunaverkefnið Betri borg fyrir börn í Breiðholti, sem gengur út á að færa þjónustu nær notanda og samtvinnu betur starf skólaþjónustunnar við skólana hefur gefið góða raun, og gefur von um að árangur geti náðst.

04

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ





MÁLEFNI

Við ætlum að bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum með því að bæta kjör starfsfólks, stytta vinnuvikuna, minnka álag, draga úr skriffinnsku og auka faglegt frelsi fólks.

MÁLEFNI

Ný menntastefna verði samþykkt að loknu samráði við fagfólk, foreldra, nemendur og skólasamfélagið.

MÁLEFNI

Við viljum skoða aðgerðir til að fjölga dagforeldrum

STAÐA

Mikill gangur er í bætingu á vinnuaðstöðu og vilji er til að bæta möguleika á starfsþróun. Við erum að kanna möguleika á að draga úr skriffinnsku og að auka faglegt frelsi. Nýir kjarasamningar stytta vinnuvikuna og bæta kjör töluvert.

STAÐA

Menntastefnan var unnin í víðtæku samráði við nemendur, kennara, foreldra, stjórnendur og sérfræðinga, og fóru einnig í samráðsgátt þar sem íbúar almennt gátu haft aðkomu. Reynslan af menntastefnunni er mjög góð enn sem komið er, og hefur nýsköpunarsjóðurinn sérstaklega verið að standa fyrir sínu.

STAÐA

Samþykktum aðgerðir 2018 til að styðja dagforeldra og veita húsnæðisstyrk, Nýlega var klárað útboð um öryggishnappa fyrir dagforeldra sem eru einir, sem er mikilvægt öryggisatriði.



MÁLEFNI

Í grunn- og leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðum á starfsfólk að hafa faglegt frelsi í störfum sínum og næg tækifæri til starfsþróunar og símenntunar

MÁLEFNI

Sambætta og sameina þarf betur skóla- og frístundastarf í því skyni að bæta dag barna og ungmenna og hafa hann samfelldan, auka sveigjanleika og nýta fjármagn betur

STAÐA

Árið 2019 var kynnt skýrsla um starfsþróun, þar sem kom í ljós að hlutur kennara í Reykjavík af styrkjum úr starfsþróunarsjóðum á landsvísu var hlutfallslega lítill, og ýmsar bætingar lagðar til, nauðsynlegt er að vinna í því í samstarfi við samtök kennara og annars fagfólks. Það má þó nefna að við höfum verið að sjá mikla grósku í spennandi og skapandi verkefnum á félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, sérstaklega með tilkomu nýsköpunarstyrksins.

STAÐA

Allir eru sammála um að dagurinn ætti að vera samfelldur og töluverð vinna í gangi um betri nýtingu húsnæðis, sérstaklega með tilliti til frístundar og skólahljómsveita, en nauðsynlegt er að finna leiðir til að nýta betur húsnæði sem fyrir er og stendur oft autt klukkutímum saman. Stýrihópur er að störfum um skipulag leikskólastarfs, en nauðsynlegt er að fara heildstætt yfir þetta



MÁLEFNI

Stutt verði við börn sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli, meðal annars með stuðningi við grasrótarsamtök sem annast móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna og stuðlap að aukinni þátttöku þeirra í frístunda- og félagsstarfi

STAÐA

Búið að opna móttökudeild fyrir börn með brotna námssögu, börn flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd, Sjálf móðurmálskennsla er ennþá greidd af foreldrum, sem þó geta nýtt til þess frístundakortið. Verið að skoða niðurgreiðslu eftir COVID á móðurmálskennslu hjá grasrótarsamtökum. Dóra hefur beitt sér fyrir því og að það verði svo skoðað að festa það í sessi, en það er ekki sanngjarnt að foreldrar þurfi að nota frístundakortið til að greiða þessa kennslu og börnin fari þá á mis við raunverulegt frístundastarf.

05

ATVINNUMÁL OG ÞJÓNUSTA





MÁLEFNI

Fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun, skapandi greinar og sprotafyrirtæki eiga að blómstra í Reykjavík.

MÁLEFNI

Borgin mun áfram beita sér í markaðssetningu borgarinnar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn á forsendum íbúa og leitast við að stýra álaginu eins og gert hefur verið með staðsetningu hótela

MÁLEFNI

Borgin mun leitast við að stýra álagi af ferðamönnum með markvissara eftirliti með skammtímaleigu til ferðamanna

MÁLEFNI

Borgin mun leitast við að stýra álagi af ferðamönnum með stýringu á rútuumferð á viðkvæmari svæðum

STAÐA

Búið að tengja nýsköpun og þjónustu formlega inn í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð og búa til sérstakt þjónustu- og nýsköpunarsvið sem starfar þvert á öll önnur svið og veita verkefnunum þannig meira umboð í stjórnkerfinu. Verið er að móta fyrstu nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar undir stjórn Pírata, taka þátt í nýsköpunarvikunni sem haldin er núna í haust í fyrsta sinn og komst Reykjavíkurborg í úrslitaúrtak vegna Nýsköpunarborgar Evrópu.

STAÐA

Álagi vegna ferðamanna hefur verið stýrt með aðalskipulagi og í samvinnu við ferðaþjónustu. En vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi í tengslum við Covid hefur það skiljanlega verið minna aðkallandi.

STAÐA

Sýslumaður hefur fengið aukið eftirlit í málaflokkinn og hefur eftirlitið aukist verulega.

STAÐA

Tillögur hafa verið unnar í víðtæku samráði en þær hafa ekki ennþá verið lagðar fram vegna Covid 19.



MÁLEFNI

Við viljum að þjónusta borgarinnar við fólk sem er að opna ný fyrirtæki verði framúrskarandi, að útgáfa leyfa sé sneggri og einfaldari og að Reykjavík hvetji til atvinnu- og verðmætasköpunar

MÁLEFNI

Til að auka fjölbreytta atvinnustarfsemi og endurlífga hverfiskjarna verður stofnaður frumkvöðlasjóður sem fyrirtæki og einstaklingar geta sótt í.

MÁLEFNI

Atvinnustefna borgarinnar verður endurskoðuð með áherslu á fjölbreytileika, sjálfbærni og samkeppnishæfni.

MÁLEFNI

Unnið verði að innleiðingu þjónustustefnu Reykjavíkurborgar í allri starfsemi hennar með sérstakri áherslu á notendamiðaða hönnun og samráð í þjónustu. Við ætlum að bæta þjónustu borgarinnar með snjöllum, rafrænum lausnum, og sjálfvirkum ferlum.

STAÐA

Heilbrigðiseftirlitið hefur verið að rafvæða ferla hjá sér sem styttr og einfaldar ýmis leyfirferli. Byggingarfulltrúi er í sömu vegferð en ekki komin jafn langt.

STAÐA

Markviss vinna er í gangi í HverfisSKIPulagi við að endurlífga hverfiskjarna, sérstaklega Arnarbakka og Völvufell með aukinni starfsemi og uppbyggingu.

STAÐA

Mikil samvinna er við nýsköpunar- og kvikmyndasamfélagið í Gufunesi, við Vísindagarðar, Grósku og Sjávarklasann í Örfirisey. Reykjavík ætlar að sækja um að vera Græna borg Evrópu.

STAÐA

Búið að búa til stýrihóp sem Dóra og Þórdís Lóa sitja í. Þjónustustefna Reykjavíkur sem mótuð var undir stjórn Pírata á síðasta kjörtímabili er í fullri innleiðingu og það er mikill meðbyr með verkefninu. Sett hefur verið á fót nýtt svið þjónustu og nýsköpunar sem veitir verkefnunum meira vægi, gagnastjóri er tekinn til starfa með teymi stafrænnar umbreytingar. Aukinn peningur hefur verið settur í þetta og aldrei hefur verið fjárfest jafn mikið í stafrænni vegferð og einmitt nú.

06

FJÁRMÁL OG REKSTUR





MÁLEFNI

Reykjavíkurborg hefji samtal við ríkið um tekjustofna sveitarfélaga, að gistináttagjald renni til sveitarfélaga og um endurskoðun jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

MÁLEFNI

Leita skal eftir samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um kostnaðsarþátttöku

MÁLEFNI

Ljúka þarf opnun bókhalds á kjörtímabilinu og stuðla að því að upplýsingar um öll útgjöld borgarinnar, dótturfyrirkæja hennar og byggðasamlaga séu eins gangsæ og opin og kostur er og upplýsingar um ráðstöfun styrkja sem borgin veitir séu aðgengilegar. Uppfærsla upplýsinganna skal gerast eins nálægt rauntíma og hægt er.

MÁLEFNI

Við ætlum að finna nýja lóð fyrir malbikunarstöðina Höfða

STAÐA

Um þetta er stanslaust samtal í gangi og mikil samstaða um. En þarna er um einhliða samtal að ræða og erfitt fyrir borgina að krefjast breytinga.

STAÐA

Höfum náð nokkrum árangri í því að fá önnur sveitarfélög til að taka þátt í kostnaði sem hlýst af þjónustu við íbúa þeirra sem koma til Reykjavíkur, sem dæmi má nefna vegna gistiskýlis og bætta skiptingu kostnaðar vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks.

STAÐA

Búið að senda fyrirspurnir á B-hlutafélög um áhugann og þrýsta á fjármála- og áhættustýringarsvið að dýpka enn frekar sitt yfirlit með því að búa til betri ramma í kringum aðgengið að gögnunum og uppfæra nær rauntíma. Starfshópur um styrkveitingar sem settur af stað í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði hefur lokið störfum. Skýrslan þeirra var samþykkt í vor. Næst á dagskrá er bygging nýrrar styrkjagáttar og innleiðing á breyttu verklagi.

STAÐA

Verkefni lokið - ný lóð hefur verið samþykkt í skipulagi á Esjumelum. Í kjölfarið er hægt að hefja uppbyggingu íbúabygðar í Ártúni.



MÁLEFNI

Innri endurskoðun ljúki greiningu á misferlisáhættu innan borgarkerfisins og hún verði notuð sem grunnur að aðgerðum og vörnum gegn misferli og spillingu

MÁLEFNI

Innkaupareglur Reykjavíkurborgar verða endurskoðaðar, meðal annars til að skerpa á ákvæðum um vistvæn innkaup, undirboð, keðkjuábyrgð og mannréttindasjónarmið

STAÐA

Dóra er í samtali við Innri endurskoðanda og er stöðugt að ýta á eftir þessu, þetta er í ágætum farvegi.

STAÐA

Búið að samþykkja uppfærðar innkaupareglur, þar sem skerpt var á kröfu um ábyrg innkaup. Þó þarf að fara í nánari vinnu til að útfæra betur, en nauðsynlegt reyndist að klára innkaupareglurnar hratt vegna gildistöku nýrra laga um opinber innkaup. Önnur lota þar sem tekið verður enn skýrar á vistvænum innkaupum þarf að fara í gang fljótlega.

07

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISMÁL





MÁLEFNI

Við ætlum að móta kjarastefnu og halda áfram tilraunaverkefninu um styttingu vinnuvikunnar

MÁLEFNI

Leiðréttu laun kvennastétta

MÁLEFNI

Við ætlum að þróa áfram kynjaðar fjárhags- og starfsáætlanir

MÁLEFNI

Kynfræðsla taki til félagslegra þátta, upplýsts samþykkis og mannhelgi.

STAÐA

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunar skilaði mjög góðum árangri, og í samningaviðræðum hefur verið lögð áhersla á það að stytta vinnuviku starfsfólks. Það hefur gengið eftir í þeim kjarasamningum sem samþykktir hafa verið á árinu.

STAÐA

Í nýjum kjarasamningi við Eflingu er lægstu laun hækkuð og vinnuveika stýtt. Þetta gagnast sérstaklega stórum kvennastéttum. Annars hefur Reykjavíkurborg fengið jafnlaunavottun.

STAÐA

Í fullum gangi, búið að víkka verkefnið úr bara jafnrétti kynja í fleiri breytur. Verið að taka meira og meira í notkun með aukinni meðvitund hjá fjármála- og áhættustýringarsviði. Næsta skref er að þetta sé helst gert fyrir ákvarðanatöku svo þetta virki og hafi áhrif á ákvörðun.

STAÐA

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð og skóla- og frístundaráð tóku þetta fyrir á sameiginlegum fundi og ákveðið var að víkka út tilraunaverkefni um þetta sem hefur verið í gangi. Næsta skref væri að innleiða það svo allsstaðar ef vel gengur. Ein áskorun er að það vantar meira inn í kennaranámi hvað þetta varðar og það vantar betra kennsluefni.



MÁLEFNI

Sérstaklega þarf að vinna gegn launamun byggðum á uppruna eða ríkisfangi.

MÁLEFNI

Styrkja þarf stöðu kvenna og hinsegin fólks af erlendum uppruna og stuðla að valdeflingu þeirra með meiri upplýsingum um réttindi og úrræði sem eru í boði á viðeigandi tungumáli.

MÁLEFNI

Tryggja skal aðgengi allra kynja að þjónustu borgarinnar

STAÐA

Búið að samþykkja tillögur til að vinna gegn óútskýrðum launamun byggðum á uppruna, í vinnslu eru tillögur gegn útskýrðum launamun byggðum á uppruna.

STAÐA

Fjölmeningarráð hefur verið styrkt með meiri aðkomu hagsmunaaðila svo nú liggur fyrir betri tengin við t.d. W.O.M.E.N. sem eru samtök kvenna af erlendum uppruna sem eiga nú fulltrúa í einni af okkar samráðsnefndum. Búið að tryggja fjármagn í að koma upplýsingum á fleiri tungumál, hafa verkefnastjóra í vefsíðuvinnu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði sem tryggir vefsíðu á fleiri tungumálum en íslensku og á auðlesnara máli sem hentar öllum. Að auki er verið að ráða manneskju í pólskar þýðingar og pólskumælandi manneskja hefur verið ráðin í þjónustuverið.

STAÐA

Verið að þrýsta á eftir breytingum á salernum og klefaaðstöðu og að transfólk megi fara í klefa sinna kynja í sundi. Í gangi er deila vegna salerna, erum að beita þrýstingi á að reglugerð verði breytt. Við bíðum úrskurðar ráðuneytis vegna klefa í sundlaugum. Klausu um aðgengi allra kynja er hluti af nýrri íþróttastefnu borgarinnar og verið er að gera úttekt á jafnrétti í íþróttum.



MÁLEFNI

Uppfæra skal eyðublöð svo að þau geri ráð fyrir öllum kynjum

MÁLEFNI

Gera skal úttekt á klefa- og salernisaðstæðum og tillögur til úrbóta með aðkomu hagsmunasamtaka

MÁLEFNI

Styrkja skal og styðja við starfsemi grasrótar- og félagasamtaka sem vinna að jafnrétti í víðum skilningi.

STAÐA

Þetta er í vinnslu í samræmi við ný lög um kynrænt sjálfræði. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fylgir því eftir.

STAÐA

Úttekt hefur verið gerð og forgangsröðun verkefna er í vinnslu.

STAÐA

Búið að auka stuðning við hinsegin félagsmiðstöðina og hafa sterkari aðkomu hagsmunasamtaka inn í borgarkerfið með uppfærslu aðgengis- og samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks, öldungaráðs og fjölmeningarráðs. Lýðræðisstefna er í vinnslu sem á að tryggja samráð. Við höfum staðið þétt með Andrými sem er lýðræðislegt félagsrými fyrir ýmis grasrótarsamtök og tryggt þeim húsnaði. Við erum að reyna að tryggja aukið aðgengi í Andrými. Við gerðum styrkveitingar þægilegri fyrir grasrótarsamtök með því að skapa tækifæri til að fá skyndistyrki. Það getur skipt máli þegar ófyrirséðir hlutir koma upp eins og samfélagsmiðlabyltingarnar.



MÁLEFNI

Huga skal að ólíkum þörfum kynja í námi svo eitthvert kyn verði ekki kerfislega útundan.

MÁLEFNI

Tryggja skal möguleika allra til þátttöku og aðgengis að lýðræðissamfélaginu

STAÐA

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að mæta hverju barni þar sem það er statt, einstaklingsmiðuð nálgun sem setur barnið í fyrsta sæti tekur þannig líka tillit til þess munar sem leiðir af kyni eða kynvitund barna. Töluvert starf er í gangi til að ná utan um vanda sem drengir standa frammi fyrir, en ljóst að engin ein lausn virkar fyrir alla.

STAÐA

Lýðræðisstefna Reykjavíkur er í vinnslu sem mun skapa skýrari ramma í kringum samráð. Það að auki er í mótun er aðgengisstefna Reykjavíkur. Uppfærsla, samhæfing og samræming lýðræðisgáttanna með betra aðgengi notandans er eitt af stóru verkefnum kjörtímabilsins. Við erum að vinna að betri upplýsingaveitingu á vefsíðu á öðrum tungumálum, það er verið að vinna að Gagnsjá Reykjavíkur fyrir betri upplýsingamiðlun og umgjörð um meiri gagnsæi styrkveitinga. Samráðsnefndirnar hafa verið eflar og meðvitund er um aðgengi í víðum skilningi og verið að þrýsta á aðgengisúrbætur.



MÁLEFNI

Mannréttindaborgin Reykjavík haldi áfram að valdefla hópa sem njóta ekki jafnra tækifæri og réttinda á við aðra í samfélaginu

MÁLEFNI

Reykjavík á að vera fjölmeningarborg þar sem allir eiga að geta blómstrað óháð uppruna eða stöðu

STAÐA

Samráðsráðin hafa verið eflid með meiri aðkomu notenda og hagsmunaaðila, lýðræðisstefnan er enn í mótun. Verið að innleiða þjónustustefnu borgarinnar og gera þjónustuna aðgengilegri öllum með áherslu á stafrænar lausnir. Verið að innleiða markvissari ramma í kringum upplýsingamiðlun á fleiri tungumálum og verið er að taka skref í átt að bættu aðgengi í borgarlandinu og í húsnæði borgarinnar.

STAÐA

Fjölmeningarráð hefur verið styrkt með meiri aðkomu hagsmunaaðila svo nú liggur fyrir betri tengin við t.d. W.O.M.E.N. sem eru samtök kvenna af erlendum uppruna sem eiga nú fulltrúa í einni af okkar samráðsnefndum. Búið að tryggja fjármagn í að koma upplýsingum á fleiri tungumál, hafa verkefnastjóra í vefsíðuvinnu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði sem tryggir vefsíðu á fleiri tungumálum en íslensku og á auðlesnara máli sem hentar öllum. Að auki er verið að ráða manneskju í pólskar þýðingar og pólskumælandi manneskja hefur verið ráðin í þjónustuverið. Búið að samþykkja tillögur til að vinna gegn útskýrðum launamun byggðum á uppruna, í vinnslu eru tillögur gegn útskýrðum launamun byggðum á uppruna. Í tengslum við Covid er verið að líta til frekari niðurgreiðslu móðurmálskennslu og væri ánægjulegt að ná að innleiða það til langframa.



MÁLEFNI

Samþykkja á og innleiða lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem tekur á skyldum hennar, kjörinna fulltrúa og starfsfólks

MÁLEFNI

Lögð verði áhersla á samráð við hagsmunaaðila og einstaklinga við alla stefnumótun og eftirfylgni stefnu í öllum málaflokkum.

MÁLEFNI

Veigamikil stefnumótun fari fram í opnu samráðsferli á þar til gerðri samræmdri gátt á vef borgarinnar.

STAÐA

Lýðræðisstefnan er í vinnslu og mun klárast á næstu mánuðum. Metnaðarfullt samráðsferli hefur verið viðhaft.

STAÐA

Tekið er mið af þessu við gerð lýðræðisstefnu og pólitískur þrýstingur í þessa átt er að skila sér í meiri samráði um ákvarðanatöku. Þjónustuhönnunarteymið er á fullri ferð að gera þjónustuferla notendavænni þar sem engin breyting er gerð nema með notendaprófunum.

STAÐA

Búið er að samþykkja tillögu um heildstæðan ramma í kringum lýðræðismálin, með bættu aðgengi að þessu með notendavænni lýðræðisgátt. Verið er að vinna útfærslu og leggja grunn að byggingu gáttarinnar og innleiðingu nýrra og straumlínulagaðri ferla til að tryggja betra aðgengi á forsendum notandans. Fyrirhuguð er þjónustugreining á Hverfinu mínu til að bæta samráð og þægindi borgarbúa.



MÁLEFNI

Mælaborð borgarinnar verði klárað.

MÁLEFNI

Mælaborð borgarinnar verði klárað.

MÁLEFNI

Fundargerðir og önnur opinber skjöl verði gerð aðgengileg á netinu og rekjanleg eftir innihaldi.

STAÐA

Mælaborðið hefur verið birt og nú er unnið að því að bæta við það og þróa það áfram. Gagnastjórinn er kominn með verkefnið í samvinnu við gagnateymið. Verið er að fjárfesta í innleiðingu vöruhúss gagna og tengdum hugbúnaði svo það sé auðveldara, skilvirkara og ódýrara að gera tölfræðigreiningar. Þetta leggur grunn að upplýstari ákvarðanatöku.

STAÐA

Mælaborðið hefur verið birt og nú er unnið að því að bæta við það og þróa það áfram. Gagnastjórinn er kominn með verkefnið í samvinnu við gagnateymið. Verið er að fjárfesta í innleiðingu vöruhúss gagna og tengdum hugbúnaði svo það sé auðveldara, skilvirkara og ódýrara að gera tölfræðigreiningar. Þetta leggur grunn að upplýstari ákvarðanatöku.

STAÐA

Samþykkt hefur verið að hefja undirbúningu Gagnsjár Reykjavíkur og verkefnastjóri Gagnsjár er að undirbúa verkefnið. Samþykkt hefur verið að gera gögn véllæsileg og næsta skref er tæknileg vinna við verkefnið.



MÁLEFNI

Skilgreint verði hlutverk gagnastjóra hjá Reykjavíkurborg.

MÁLEFNI

Embætti umboðsmanns borgarbúa verði eftt í því skyni að gera því kleift að sinna fræðslu og frumkvæðisathugunum.

MÁLEFNI

Hverfisráð verða endurskoðuð með skilvirkni, eflingu lýðræðis og bætt samstarf við íbúa að leiðarljósi.

MÁLEFNI

"Betri Reykjavík" verði gerð enn betri með því að auka áhrif borgarbúa á ráðstöfun skattfjár og stefnumótun

STAÐA

Þetta hefur verið gert og ráðið hefur verið í stöðuna sérfræðing í gagnamálum.

STAÐA

Eftirlitsumhverfii borgarinnar hefur verið styrkt og réttarstaða borgarbúa skýrð og bætt með sameiningu eftirlitsaðila borgarinnar í eina óháða og öfluga eftirlitseiningu. Aukin vernd uppljóstrara verður hluti af innleiðingarferlinu en einnig einföldun úrvinnslu kvörtunarmála og aukin yfirsýn yfir þarfir borgarbúa með því að beina kvörtunarmálum beint í samræmdan og rafrænan farveg.

STAÐA

Búið er að endurskoða hverfisráðin og tilraunaverkefni um ný íbúaráð er í gangi. Að því loknu verður það metið og þá tekur innleiðing til framtíðar.

STAÐA

Búið að samþykkja breytingar og að setja á fót nýja samráðsgátt sem mun auka samráð, auka upplýsingamiðlun og gæði og auka aðgengi að samráði. Samþykkt hefur verið að breyta ferli Hverfisins míns til að auka samráð og bæta gæði ferilsins.



MÁLEFNI

Útvíkka skal verkefnið „Hverfið mitt“ þannig að hægt verði að hafa bein áhrif á fleira en framkvæmdir og viðhald í hverfinu

MÁLEFNI

Við ætlum að meta reynslu og menntun innflytjenda

MÁLEFNI

Við ætlum að efla túlkþjónustu

MÁLEFNI

Við ætlum að bæta miðlun og aðgengi að upplýsingum í samráði við hagsmunasamtök

STAÐA

Verið er að endurskoða lýðræðisgáttirnar með þarfir og aðgengi borgarbúa að leiðarljósi. Sköpunartorg í samstarfi við Karolínafund er tilbúið í frumútgáfu og stefnt er að setja það af stað sem tilraunaverkefni.

STAÐA

Samþykktar hafa verið tillögur til að vinna gegn óútskýrðum launamuni byggðum á uppruna og unnið er að tillögum gegn útskýrðum launamuni.

STAÐA

Verið er að innleiða betri umgjörð um túlkþjónustu með aukin faglegheit að leiðarljósi.

STAÐA

Búið að samþykkja að hefja undirbúning Gagnsjár Reykjavíkur og ráða gagnastjóra og setja á fót sérstakt stafrænt gagnateymi. Verið er að ferlagreina til að skapa grunn fyrir þessa breytingu og setja upp verkefnaskipulag. Þetta leggur grunn að upplýstari ákvarðanatöku. Samráðsnefndirnar hafa verið efldar og unnið er að styrkja aðkomu þeirra.



MÁLEFNI

Við ætlum að styðja að lög verði sett sem banni mismunun á grundvelli þjóðernis, innan vinnumarkaðar og utan.

MÁLEFNI

Skoðum bestu leiðir til að miðla upplýsingum til innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks í samvinnu við ríkið og önnur sveitarfélög.

STAÐA

Þau lög voru samþykkt árið 2018.

STAÐA

Búið að tryggja fjármagn í að koma upplýsingum á fleiri tungumál, hafa verkefnastjóra í vefsíðuvinnu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði sem tryggir vefsíðu á fleiri tungumálum en íslensku og á auðlesnara máli sem hentar öllum. Að auki er verið að ráða manneskju í pólskar þýðingar og pólskumælandi manneskja hefur verið ráðin í þjónustuverið. Samþykkt hefur verið að hefja undirbúning nýs Grófarhúss og setja á fót hönnunarsamkeppni. Í gögnum samkeppningar er farið yfir þá fyriráætlun að hafa borgarþjónustu á fyrstu hæð með sérstakri áherslu á þjónustu fyrir innflytjendur og dekkja það gat sem niðurlagning Alþjóðahúss skyldi eftir sig. Samtal er í gangi við ríkið um tilraunaverkefni um upplýsingamiðlun sem gæti þá seinna ratað inn í Grófarhús þegar það er tilbúið.

08

MENNINGAR, ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNDAMÁL





MÁLEFNI

Við ætlum að efla bókasöfnin

STAÐA

Samþykkt hefur verið að hefja undirbúning nýs Grófarhúss og setja á fót hönnunarsamkeppni. Verið er að þróa bókasöfnin áfram sem menningarhús á breiðari grundvelli.

MÁLEFNI

Við ætlum að styðja grasrótastarf í lista- og menningarmálum

STAÐA

Í Covid hafa grasrótarsamtök og einstaklingar fengið mikla styrki til menningar- og listastarfs. Árlega er veglegum fjármunum varið í þennan málaflokk. Ánægjulegt er að það tókst að ná samkomulagi við ríkið og rekstraraðila og finna leið til að halda Bíó Paradís opinni áfram.

MÁLEFNI

Við ætlum að tryggja jafnara aðgengi að menningu, íþróttum og tómstundum óháð efnahag og stöðu.

STAÐA

Nú er verið að setja í gang tilraunaverkefni í Breiðholti, þar sem upphæð frístundakortsins er hækkuð, til að kanna hvort það auki notkun á því, en þar hefur notkun verið hlutfallslega lítil. Stýrihópur um framtíð tónlistarnáms er að ljúka störfum undir forystu Alexöndru, en megin inntak þeirrar vinnu mun miðast við að lækka kostnað á foreldra og auka jafnræði til aðgengis að tónlistarnámi



MÁLEFNI

Við viljum að öll börn og ungmenni njóti jafngóðrar þjálfunar, athygli og forgangs í öllum íþróttagreinum sem eru í boði innan borgarinnar.

MÁLEFNI

Aðstaða til íþróttaiðkunar og heilsueflingar á að vera góð.

MÁLEFNI

Við ætlum að efla skólahljómsveitirnar

STAÐA

Verið er að klára úttekt á jafnrétti í íþróttum og lögð er áhersla á samtal við íþróttahreyfingarnar um þetta mál. Áhersla er lögð á aukið jafnrétti með tilliti til kynja og fötlunar. Verið er að forgangsraða uppbyggingu íþróttamannvirkja með tilliti til meðal annars jafnréttis.

STAÐA

Líkan fyrir forgangsröðun uppbyggingar íþróttamannvirkja liggur fyrir þar sem tekið er tillit til mikilvægra þátta eins og félagslegra þátta og jafnréttis. Sem Covid-aðgerð voru auknir fjármuir settir í viðhald.

STAÐA

Stýrihópur um framtíð tónlistarnáms, sem Alexandra leiðir, mun leggja til ýmsar úrbætur á aðstæðum skólahljómsveita